

Benedikt Eyjólfsson – erindi á fundi Félags atvinnurekenda um ársreikninga

Í gær var kveðinn upp dómur yfir þeim sem hér stendur og Bílabúð Benna fyrir að skila ársreikningum of seint. Sektin nemur 750 þúsund krónum.

Dómurinn tekur á engan hátt á þeirri gagnrýni sem ég og fjöldi annarra hafa sett fram á opinbera birtingu ársreikninga. Dómarinn horfir bara stíft á lagabókstafinn. Hann tekur enga afstöðu til samkeppnissjónarmiða eða einkaréttarlegra sjónarmiða sem voru sett fram af minni hálfu.

Í raun er þetta fáránlegt mál. Bílabúð Benna hefur alltaf skilað ársreikningum á réttum tíma, öll þau 38 ár sem fyrirtækið hefur starfað. Þeir hafa fylgt skattframtalinu. Samt er fyrirtækið sektað fyrir að hafa skilað ársreikningum of seint.

Opinber birting ársreikninga

Lögin krefjast þess að öll fyrirtæki á Íslandi sendi ársreikninga sína sérstaklega til opinberrar birtingar. Lögin skylda mig til að leggja fram ítarlegar upplýsingar um rekstur Bílabúðar Benna, til að keppinautar geti kynnt sér þær.

Opinbert aðgengi að ársreikningum skiptir vissulega máli fyrir stórfyrirtæki. Þeir sem kaupa hlutabréf í fyrirtækjunum, kaupa af þeim skuldabréf og eiga við þau viðskipti upp á hundruð milljónir króna þurfa aðgang að þessum upplýsingum.

Fyrir 90% fyrirtækja hér á landi skiptir hins vegar engu máli hvort utanaðkomandi hafi aðgang að ársreikningum þeirra eða þau geti flett upp ársreikningum annarra. Þessi fyrirtæki þurfa ekki opinbera ársreikninga til að geta átt í viðskiptum. Bílabúð Benna er einkafyrirtæki og það kemur engum utanaðkomandi við hvernig rekstri þess er háttað eða hvernig það stendur. Þegar svo ber undir sýni ég ársreikning fyrirtækisins þeim sem þess þurfa, t.d. vegna stærri viðskipta eða lánaþyrirgreiðslu. Það ætti að nægja.

Ársreikningar og viðskipti

Þeir sem helst skoða ársreikninga fyrirtækja eru keppinautar þeirra. Þetta vita allir. Enginn hefur hagsmuni neytenda eða samkeppnissjónarmið í huga.

Við heyrum fullyrt að opinber birting ársreikninga stuðli að gagnsæi. Það er tóm steypa. Við skulum ekki gleyma öllum fínu ársreikningunum sem flæddu yfir þjóðfélagið fyrir hrun en reyndust uppblásin froða. Helstu áhrif þessara ofsagróðareikninga voru að æsa menn upp í enn meiri vitleysu.

Eigendur fyrirtækja

Ég held því fram að fjöldinn allur af eigendum fyrirtækja geri sér ekki grein fyrir því að endurskoðendur þeirra skila fyrir þá ársreikningum sem eru öllum opnir. Fólk er einfaldlega upptekið við að reka sín fyrirtæki. Það áttar sig ekki á því að upplýsingar um afkomu fyrirtækja þeirra er eins og opin bók fyrir hverjum sem vill.

Ég hef hitt fjölda eigenda fyrirtækja sem ekki skilja þetta fyrirkomulag. Þeir áttu sig ekki á tilganginum með opinberri birtingu ársreikninga allra fyrirtækja í landinu. Því síður áttu þeir sig á því að mörg hundruð þúsund króna sekt geti legið við því að skila ekki þessum ársreikningum til opinberrar birtingar.

Í janúar síðastliðnum sektaði ríkisskattstjóri 1.817 félög um 250 þús. kr. hvert fyrir að hafa ekki skilað ársreikningum 2011. Samtals gerir þetta 454 milljónir króna. Vitað er að stærsti hluti þessara fyrirtækja er ekki í rekstri eða hálfdaud þannig að þessar aðgerðir eru tilgangslausar með öllu.

Samkeppnin við bankana

Eftir hrunið var staðan á bílamarkaðnum þannig að helstu samkeppnisaðilar mínir voru í eigu bankanna. Framkvæmdastjórar þessara bankareknu fyrirtækja hringdu bara í þjónustufulltrúann þegar kom að útborgun launa og sögðu hvað vantaði mikinn pening inn á reikninginn.

Ég vissi að ef bankarnir fengju ítarlegar upplýsingar um Bílabúð Benna í gegnum opinberan ársreikning, þá gætu þeir beitt sér með margvíslegum hætti gegn mínu fyrirtæki til að styrkja þau bílaumboð sem þeir höfðu tekið yfir. Ég lét mér

Því nægja að skila samandregnum ársreikningi fyrir árin 2009 og 2010. Þar koma fram minni upplýsingar en í þeim ítarlega ársreikningi sem ég átti að skila. Fyrir að verja mig með þessum hætti er ég sektaður um 750 þúsund krónur.

Ólík viðmið EES og Íslands

Bílabúð Benna telst vera lítið fyrirtæki á evrópska efnahagssvæðinu. Samkvæmt Evrópureglum mætti fyrirtækið því skila samandregnum ársreikningi, sem er skömminni skárri en ítarlegur ársreikningur. Hins vegar ber svo við að hér á landi hafa verið settar *séríslenskar Evrópureglur* um hvaða fyrirtæki teljast lítil eða meðalstór.

Samkvæmt Evrópureglum þurfa eignir fyrirtækis að vera yfir 3 milljörðum króna og rekstrartekjur yfir 6 milljörðum til að skila þurfi ítarlegum ársreikningi. Hér á landi eru þessi sömu viðmið 575 milljón króna eignir og 1.150 milljón króna rekstrartekjur. Þetta er fimmfaldur munur.

Með þessum séríslensku viðmiðunarupphæðum brýtur ríkisvaldið gegn samningnum um evrópska efnahagssvæðið, enda hefur Íslandi ekki verið gefinn sérstök undanþága í þessum efnum. Oftast nær er fullyrt við okkur Íslendinga að Evrópureglur séu heilagar. Við þurfum stundum að fara eftir fáránlegum fyrirmælum. En svo þegar hentar, þá virðist allt í einu í lagi að breyta þeim fyrir íslenskar aðstæður.

Hver heimtar alla þessa ársreikninga?

Ef fyrirtæki Þýskalandi skilar ekki ársreikningi til opinberrar birtingar, þá gera yfirvöld ekkert í málinu fyrr en einhver að kvartar yfir því. Það er rökrétt, því ef enginn þarf á upplýsingum úr ársskýrslu að halda til að geta átt í viðskiptum við viðkomandi fyrirtæki, þá er engin þörf á birtingu ársskýrslunnar.

Hér á landi er hins vegar gengið fram af mikilli og vaxandi hörku, án þess að nokkur viti hvers vegna. Skósmiður þarf jafnt að skila ársreikningi sem stórfyrirtæki. Sumir stjórnámálamenn hafa talað um að þetta sé til að draga úr kennitöluflakki. Það er hreint og beint rugl, því að upplýsingar úr ársskýrslu um kennitöluflakkara koma allt of seint fram til að gera nokkuð gagn.

Skatturinn settur í vonda stöðu

Af einhverjum undarlegum ástæðum hefur innheimtu á ársskýrslum til ársreikningaskrár verið troðið upp á Ríkisskattstjóra og skattrannsóknarstjóri síðan verið settur í að annast kærumeðferð vegna vanskila. Að því loknu tekur við ákærumeðferð hjá Sérstökum saksóknara. Þetta er fullkomlega galið ferli, enda hefði maður haldið að öll þessu embætti hefðu meira en nóg á sinni könnu en að eltast við jafn tilbúið afbrot og hér um ræðir.

Opinber birting á ársskýrslum hefur nákvæmlega ekkert með skattheimtu eða skatteftirlit að gera. Það er soun á kröftum skattyfirvalda að fela þeim þetta verkefni.

Það er óþolandi staða fyrir félög að vera hundelt af skattyfirvöldum, fyrst ríkisskattstjóra og síðan skattrannsóknarstjóra, þrátt fyrir að standa að öllu leyti í skilum með skattframtöl og skattgreiðslur. Ekki síst er ótrúlegt að þessu hlutverki hafi verið troðið upp á skattrannsóknarstjóra, sem er fyrst og fremst ætlað að fást við stórfelld og alvarleg undanskot frá skatti.

Rétt er að minna á að nú þegar skila ÖLL fyrirtæki ítarlegum ársreikningi með skattframtali sínu. Skattyfirvöld hafa þar allar upplýsingar sem þau þarfnast til að tryggja rétt skattskil.

Einkaréttarleg málefni

Skil á upplýsingum um afkomu fyrirtækja og opinber birting þeirra er einkaréttarlegs eðlis og heyrir undir félagarétt, sem er einkamálaréttur. Með því að færa framkvæmd og refsingu undir skattyfirvöld hafa mörkin milli skattalegra málefna og málefna einkaréttarlegs eðlis orðið óskýr, ekki aðeins í augum almennings heldur ekki síður í augum skattyfirvalda.

Hvað á að gera?

90% fyrirtækja á Íslandi eru lítil. Engin rök mæla með því að nákvæmlega sömu reglur um upplýsingaskyldu eigi við um lítil og stór fyrirtæki. Í raun þurfa ársreikningar aðeins að vera öllum aðgengilegir hjá fyrirtækjum sem bjóða hlutabréf og skuldabréf á opinberum markaði.

Til að vinda ofan af þessari vitleysu þarf að setja ný lög um ársreikninga. Til að byrja með á að setja stærðarmörk í samræmi við evrópureglur um opinbera birtingu ársreikninga. Öll fyrirtæki undir þeim mörkum eiga einfaldlega að vera undanþegin opinberri birtingu ársreikninga, en geta að sjálfsögðu birt ársreikninga sína þeim sem þess þurfa vegna viðskipta og lánaþyrngreiðslu. Við atvinnurekendur eigum ekki að sætta okkur við óbreytt ástand, því það er tóm rugl. Við eigum að beita okkur fyrir því að fá þessu breytt.